

Vigdís Pálsdóttir. Kt. 130124-6079.

Vigdís Pálsdóttir var fædd á Hólum í Hjaltadal 13. janúar 1924. Hún lést í Reykjavík 7. september 2016.

Hún var yngst sex barna hjónanna Guðrúnar Hannesdóttur, f. 11. maí 1881, d. 11. nóvember 1963, og Páls Zóphóníassonar, skólastjóra Bændaskólans á Hólum, síðar búnaðarráðunauts, alþingismanns og búnaðarmálastjóra, f. 18. nóvember 1886, d. 1. desember 1964. Systkini Vigdísar voru Unnur húsfreyja, f. 23. maí 1913, d. 1. janúar 2011, Zóphónías, skipulagsstjóri ríkisins, f. 17. apríl 1915, d. 15. maí 2011, Páll Agnar, yfirdýralæknir, f. 9. maí 1919, d. 10. júlí 2003, Hannes, aðstoðarbankastjóri, f. 5. október 1920, d. 23. júlí 2015, Hjalti, framkvæmdastjóri, f. 1. nóvember 1922, d. 24. október 2002.

Fjölskylda Vigdísar flutti frá Hólum 1928 og settist að í Reykjavík 1930 eftir tveggja ára búskap á Undralandi. Var heimili Páls og Guðrúnar fyrst á Ránargötu en frá 1940 bjó fjölskyldan á Sóleyjargötu 7. Stundaði Vigdís nám í Landakotsskóla, Miðbæjarskóla og lauk þremur bekkjum í Menntaskólanum í Reykjavík en hætti þá námi. Vann hún skrifstofustörf í Reykjavík næstu ár, en fór til hússtjórnarnáms á Laugalandi veturinn 1942-1943, starfaði í Útvegsbankanum í nokkur ár en hóf nám í Handíðaskóla Lúðvíks Guðmundssonar og Kurt Zier og var í fyrsta hópi handavinnukennara, sem útskrifaðist úr skólanum vorið 1949. Eftir það starfaði hún við útsaum og kjólaskreytingar á saumastofu Feldsins um skeið, en vann aftur í Útvegsbanka Íslands þar til 1953. Vigdís giftist Baldvin Halldórssyni, prentara, leikara og leikstjóra, 25. ágúst 1951. Baldvin fæddist á Arngerðareyri í Ísafirði 23. mars 1923, og lést 13. júlí 2007. Börn þeirra eru Páll Baldvin, f. 28. september 1953, Inga Lára, f. 16. febrúar 1956, og Guðrún Jarþrúður, f. 25. nóvember 1960. Heimili Baldvins og Vigdísar var lengst á Tjarnargötu 38.

Vigdís hóf störf í handavinnudeild Kennaraskóla Íslands fyrir áeggjan Valgerðar Briem fyrrum kennara síns 1964 og kenndi þar næstu áratugi uns hún lét af störfum 1989. Nutu nemendur hennar þar yfirgripsmikillar þekkingar hennar og verkkunnáttu í öllum greinum handíða. Vigdís starfaði um áratugaskeið á vettvangi Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Vann þar að stofnun tímaritsins Hugur og hönd og réð miklu um efni þess og útlit í nær tvo áratugi.